

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Norðurþingi.

*Athafnasvæði A5, Kringlumýri.*

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum þann 27. ágúst 2019 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis A5. Breytingar á athafnasvæði A5 fela í sér tvo nýja byggingarreiti norðan við sláturhús og kjötvinnslu og lítilsháttar tilfærslu á lóðarmörkum nyrst á lóðinni. Þessir byggingarreitir eru ætlaðir undir starfsmannahús. Settir eru nánari skilmálar um útlit húsa og notkun þeirra í skipulagstillögunni.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Húsavík, 19. september 2019.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2019